



## Gjaldskrá fyrir hundahald frá 1. janúar 2017

### 1. grein – Leyfi til hundahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla hunda – einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

### 2. grein – Um leyfisgjöld

Bolungarvíkurkaupstaður innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald og fer með innheimtu þeirra. Áskilinn er réttur til endurskoðunar á gjaldskrá samkvæmt breytingu á neysluvísitölu.

### 3. grein – Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

<i>Fyrsta leyfisveiting</i>	kr.	20.830,-
<i>Leyfisveiting eftir útrunninn frest</i>	kr.	27.515,-
<i>Bráðabirgðaleyfi, skammtímaskráning</i>	kr.	4.110,-

### 4. grein – Eftirlitsgjald

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

<i>Einn hundur</i>	kr.	20.866,-
--------------------	-----	----------

### 5. grein – Hundahreinsun og tryggingar

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

### 6. grein – Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

<i>Fyrsta afhending hunds</i>	kr.	9.420,-
<i>Önnur afhending hunds</i>	kr.	18.735,-
<i>Þriðja afhending hunds</i>	kr.	30.000,-
<i>Fyrsta afhending hunds án leyfis</i>	kr.	22.460,-

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

### 7. grein – Gjald dagar

Gjald daga samkvæmt 5. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

### 8. grein – Undanþágur frá leyfisgjaldi

- 1) Undanþága vegna minkahunda og smalahunda á lögbýlum.
- 2) Undanþága vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstaklinga (t.d. fyrir dauflinda einstaklinga).
- 3) Undanþága vegna leitarhunda – samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu.
- 4) Leitarhundur er undanþeginn leyfisgjaldi ef viðkomandi hundur hafur að minnsta kosti B viðurkenningu sem útgefin er af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.